

MJÓLKÁRLÍNA 2 - AÐALSKIPULAGSBREYTING

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 16165010

DAGS.: 8. des.2022

VERKHLUTI: 04

NR.: 2

HÖFUNDUR: EBK

DREIFING: Ísafjarðarbær og Landsnet

Umsagnir um vinnslutillögu

1 Kynning

Á 592. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar þann 12. september 2022 var vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingar vegna Mjólkárlínu 2 lögð fyrir. Á fundinum lagði nefndin það til við bæjarstjórn að hefja málsmeðferð í samræmi við 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Vinnslutillaga að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 vegna Mjólkárlínu 2 var kynnt 12. okt. 2022 á heimasíðu Ísafjarðarbæjar. Frestur til að skila athugasemdum var til 3. nóv. 2022.

Umsagnarbeiðni var jafnframt send eftirtöldum umsagnaraðilum:

Umhverfisstofnun

Náttúrufræðistofnun

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Fiskistofa

Veðurstofa Íslands

Samgöngustofa

Vegagerðin

Minjastofnun Íslands

Landhelgisgæslan

Orkubú Vestfjarða

Svæðisráð vegna strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum

Vesturbyggð

Bolungarvíkurkaupstaður

Súðavíkurhreppur

Strandabyggð

Reykhólahreppur

Landeigendur



2 Yfirlit yfir umsagnir og ábendingar

Alls bárust ellefu umsagnir og ábendingar á kynningartímanum og eftir hann. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir umsagnirnar:

Nafn	Aðili	Dags.	Athugasemdir
Bragi Már Bragason	Míla	12. okt. 2022	Ábendingar varðandi ljósleiðara. Ósk um frekara samráð.
Elfar Steinn Karlsson	Vesturbyggð	20. okt. 2022	Ábending um sæstreng Orkubús Vestfjarða.
Björn Stefánsson og Sverrir Aðalsteinn Jónsson	Umhverfisstofnun	25. okt. 2022	Ábending um strenglög í vegstæði.
Sigurður Hreinsson	Íbúi	31. okt. 2022	Ýmsar athugasemdir um samráð, umhverfismat, val á valkostum, skerðingu vegna helgunarsvæða og samræmi við stefnu stjórnvalda.
Halldór Ó. Zoëga	Samgöngustofa	2. nóv. 2022	Ábendingar um leyfisveitingar.
Guðríður Margrét Kristjánsdóttir	Landhelgisgæslan	2. nóv. 2022	Ábendingar varðandi ljósleiðara og nálægð við eldissvæði. Ósk um frekara samráð.
Björn Magnús Magnússon	Rækjuleyfishafar í Arnarfirði	3. nóv. 2022	Athugasemdir varðandi samráð og skerðingu vegna helgunarsvæða.
Snorri Sigurðsson	Náttúrufræðistofnun Íslands	3. nóv. 2022	Engar athugasemdir.
Sigurður Friðgeir Friðriksson	Vegagerðin	8. nóv. 2022	Ábending um leyfisveitingar.
Finnbogi Bjarnason	Bolungarvíkur-kaupstaður	9. nóv. 2022	Engar athugasemdir.
Árni Snorrason	Veðurstofa Íslands	30. nóv. 2022	Engar athugasemdir.

3 Helstu atriði framkominna athugasemda

Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir ofangreindar athugasemdir og ábendingar. Þær hafa verið flokkaðar eftir efni og tillögur að viðbrögðum og hvernig hægt er að nýta þær við gerð aðalskipulagsbreytingarinnar.

Í mörgum af umsögnunum er vísað til umfjöllunar sem er viðfangsefni í Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða s.s. um legu sæstrengja og helgunarsvæða þeirra. Aðalskipulagsbreytingin tekur hins vegar aðeins til lands innan marka sveitarfélagsins, þ.e. innan netlaga. Framkvæmdin er vissulega ein heild og samræmi skal vera milli aðliggjandi skipulaga.

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
1	Sigurður Hreinsson	Dreifri- og flutningskerfi	Dreifikerfi er eitt og flutningskerfi er annað. Til dreifikerfis flokkast línur sem eru 33kV, 11kV og minna. Finna má mjög góða skýring um muninn á meginflutningskerfi og landshlutakerfi í grein sem birtist inni á síðu Landsnet 8 apríl 2022, grein sem ber heitið „Jarðstrengir í flutningskerfinu - sýnd veiði en ekki gefin?“ , eftir Magni Þór Pálsson. Undirstrikanir gerðar af höfundi þessarar greinargerðar. „Flutningskerfi raforku skiptist í grófum dráttum í tvennt. <u>Annars vegar er meginflutningskerfið</u> , flutningslínur á 132 kV og 220 kV spennu sem liggja milli landshluta. Byggðalínurhúringurinn (132 kV) telst til meginflutningskerfisins og einnig t.d. 220 kV línurnar frá Þjórsársvæðinu inn á SV- hornið. <u>Hins vegar eru svo landshlutakerfin</u> , sem tengjast meginflutningskerfinu og flytja raforkuna til dreifiveitna innan hvers landshluta. Dæmi um landshlutakerfi er 66 kV kerfið á Suðurlandi.“ (*3)	Kallar ekki á viðbrögð. Vísað er til liðar 31.
2	Bolungarvíkurkaupstaður Finnbogi Bjarnason	Engar athugasemdir	Umhverfismálaráð gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða lagningu Mjólkárhlínu 2 sem til þess fallinn til að bæta afhendingaröruggi rafmagns á vestfjörðum og þá breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 samhliða þeim framkvæmdum.	Kallar ekki á viðbrögð.
3	Sigurður Hreinsson	Helgunarsvæði	Strengur sem yrði um 12. km langur og skerðir veiðisvæði rækjusjómannanna um rúma 9. km ² eða um 15% skerðing á mikilvægasta veiðisvæði rækju í Arnarfirði. Af 80. km ² svæði sem telja má sem mikilvægasta veiðisvæði rækju í Arnarfirði undanfarin ár, stefnir í að rækjuveiðar verði óheimilar á 36% af því svæði. (sjá ítarlegri greiningu í viðauka 2) Ítrekað hefur framkvæmdaraðila verið bent á að ljósleiðarastrengir liggja nú þegar yfir fjörðinn á þremur stöðum auk þess sem aflagður háspennustrengur liggur meðfram einum þeirra. Því væru áhrif þessarar framkvæmdar minnst, ef þessi nýji strengur yrði lagður þétt samhliða einhverjum af þeim strengjum sem þegar þvera fjörðinn.	Í umsögninni er vísað til umfjöllunar um helgunarsvæða sæstrengja sem er viðfangsefni í Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða. Í aðalskipulagsbreytingunni er fjallað um helgunarsvæði strengja innan netlaga. Framkvæmdin er vissulega ein heild og samræmi skal vera milli aðliggjandi skipulaga. Gerð verður grein fyrir sæstrengnum í Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða. Eftir umsagnarferli tillögu að strandsvæðisskipulaginu hafa fulltrúar Skipulagsstofnunar f.h. svæðisskipulagsnefndar verið í sambandi við Landsnet og rætt helgunarsvæði sæstrengja (rafmagn). Ljóst er að helgunarsvæði rafstrengja er ekki skilgreint á sama hátt í lögum og fyrir fjarskiptastrengi, en viðmið um helgunarsvæði fjarskiptastrengja var forsenda afmörkunar lagnabelta í kynntri tillögu að strandsvæðaskipulagi. Landsnet hefur komið því á framfæri að helgunarsvæði sæstrengsins yfir Arnarfjörð geti verið þrengra en skilgreint hefur verið í tillögu að strandsvæðisskipulaginu og því þarf skerðing rækjuveiðisvæða ekki að vera eins umfangmikil og kemur fram í umsögninni. Landsnet gerir ráð fyrir að heildarbreidd helgunarsvæðisins á hafsvæðinu verði 400 m og er dönsk löggið fyrirmynd að þeirri afmörkun. Þessar upplýsingar verða til umfjöllunar þegar svæðisskipulagsnefndin tekur ákvörðun um endanlegt skipulag strandsvæðisins. Landsnet hefur væntingar um að sú stefna sem þar verður mörkuð geti skapað sátt um fjölbreytta nýtingu Arnarfjarðar til lengri tíma. Rétt er að benda á að sæstrengur OV er óvirkur og verður fjarlægður. Helgunarsvæði strengsins er víkjandi og fellur niður þegar strengurinn hefur verið fjarlægður.
4	Sigurður Hreinsson	Helgunarsvæði	Í viðauka 2, sem er bréfið með athugasemdunum sem sendar voru Skipulagsstofnun í sumar, er td. sett fram tillaga um að leggja sæstrenginn á sama stað og gamli aflagði sæstrengurinn liggur. Sú tillaga sem er í grænum lit þar á korti er um 7,6 km löng og útheimtir aðeins 3,1. km ² öryggissvæði eða 1/3 af því sem tillaga Landsnets útheimtir. Miðast það þá við að strengurinn væri í um 400m fjarlægð frá ljósleiðarastrengnum. Ef fjarlægðin færi niður í 100m frá ljósleiðarastrengnum, þá yrði viðbótin við öryggissvæðið ekki nema 0,78. km ² eða um 1/12 af því sem tillaga Landsnets útheimtir.	Sæstrengur OV er óvirkur og verður fjarlægður. Helgunarsvæði strengsins er víkjandi og fellur niður þegar strengurinn hefur verið fjarlægður. Sjá einnig svar við lið 3.
5	Umhverfisstofnun Björn Stefánsson og Sverrir Aðalsteinn Jónsson	Jarðstrengir	Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina að öðru leyti en því að forðast ætti að leggja jarðstrengi í sjálfan veginn þar sem slíkt getur valdi vandræðum við nýframkvæmdir þegar kemur að frágangi aflagðra vega vegna jarðstrengja. Dæmi um þetta eru á Vestfjarðavegi um Meðalnes og við Skálanes í Gufufirði.	Tekið til skoðunar við nánari hönnun og útfærslu strenglagnar.

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
6	Sigurður Hreinsson	Jarðstrengjaskvóti	Og þá komum við einmitt að punkti 9 úr stefnu stjórnvalda. Þessi texti er úr „Skýrsla starfshóps um raforkumál á Vestfjörðum“ frá apríl 2022. Undirstrikanir gerðar af höfundi þessarar greinargerðar: „Ísafjarðarlína 1 liggur á milli tengivirkisins í Breiðadal og tengivirkis á Ísafirði. Hluti af línunni, sem er 66 kV loftlína liggur yfir erfitt svæði og er útsett fyrir truflunum. Verkefnið hefur verið hluti af endurnýjunaráætlun Landsnets og gengur út á að endurnýja Ísafjarðarlínu 1 á þeim köflum þar sem hún liggur um Breiðdalsheiði og á Botnsheiði niður í byggð í botni Skutulsfjarðar með strenglagningu. Verkefnið hefur ekki verið sett á framkvæmdaáætlun <u>vegna takmarkana í lagningu jarðstrengja á svæðinu</u> sökum lágs kerfisstyrks. Starfshópurinn leggur áherslu á að verkefnið fari á framkvæmdaáætlun við næstu útgáfu kerfisáætlunar Landsnets. Greiningu á „ <u>jarðstrengskvóta“ er lokið</u> og fyrirséð er að hann dugi fyrir áður nefnda kafla línunnar, en þó þarf að hafa í huga að jarðstrengslagning hluta Ísafjarðarlínu 1 <u>mun hafa áhrif á möguleika til jarðstrengslagna á nýrri línu á milli Mjólkár og Breiðadals.</u> “ (bls. 26-27. *5) Rétt er að vekja athygli á að hér er um að ræða ca 3,6 km langann mögulegan jarðstreng. (bls.4. *6)	Við greiningar á svigrúmi til lagningar jarðstrengja í 66 kV flutningskerfinu á Vestfjörðum frá apríl 2022, var gengið út frá því að Mjólkárhlína 2 væri í streng (jarðstreng + sæstreng), auk þess sem gert er ráð fyrir því að jarðstrengir séu í sitt hvorum enda Ísafjarðarlínu; 2,4 km Breiðadalsmegin og 6 km Ísafjarðarmegin. Enn fremur er gert ráð fyrir því að launafisframléiðsla þessara strengja sé útjófnuð 50%, eins og venja er.
7	Sigurður Hreinsson	Jarðstrengjaskvóti	Augljóst er að jarðstrengjaskvóti getur sett mikil takmörk á vegalengdir jarðstrengja á Vestfjörðum því er það sérkennilegt að Landsnet telji að mesta þörfin sé þá að nota kvótann á láglandi um 16 km leið, þar sem er tiltölulega snjólétt og óveruleg hættu á ísingu.	Þegar kemur að endurnýjun eldri lína er hverju sinni miðað við stöðu kerfisins og hvaða möguleikar henti best til þess að byggja upp sem öruggast raforkukerfi. Vísað er til svars í lið 6.
8	Sigurður Hreinsson	Jarðstrengjaskvóti	Það er ekki ásættanlegt að fyrirhuga svo umfangsmikla jarðstrengjalögn án þess að fyrir liggja ítarleg úttekt á hvaða takmarkanir séu til slíkra strenglagna og hvernig þau takmörkuðu gæði eru best nýtt. „Það eru eðlisfræðilögmál sem ráða því hversu mikið er hægt að leggja af jarðstrengjum á hverju svæði fyrir sig. Það er þáttur sem verður að taka með í reikninginn, til dæmis í skipulagsvinnu.“ (*3)	Ákvarðanir um framkvæmdir og tímasetningu þeirra eru teknar í kerfisáætlun og byggja á stöðu kerfisins á hverjum tíma. Ýmislegt getur haft áhrif á styrkleika kerfisins og ekki forsvaranlegt að byggja langtímaáætlun fyrir verkefni langt inn í framtíðina (t.d. fyrir alla Vestfirði) sem byggði á punktstöðu dagsins í dag, þrátt fyrir að sveitarfélög geti markað sér almenna stefnumörkun þar um. Svigrúm til jarðstrengslagna er t.a.m. þáttur sem tekur breytingum í takti við uppbyggingu og/eða breytingar kerfisins. Landsnet kappkostar að jafnframt að framkvæma greiningar á svigrúmi til jarðstrengslagna á grunni upplýsinga um stöðu kerfisins. Vísað er til svars í lið 6.
9	Sigurður Hreinsson	Kostnaður	Ekkert bendir til þess að það sé kostnaðarsamari fjárfesting að leggja strenginn frá Tjaldanesi en frá Hrafnseyri. Þvert á móti, yrði sæstrengurinn töluvert styttri þó svo að jarðstrengurinn lengist einhvað, en stytting sæstrengsins er líklega sambærileg eða jafnvel meiri en lenging jarðstrengsins. Þá eru sæstrengir umtalsvert dýrari en jarðstrengir.	Sæstrengur OV er óvirkur og verður fjarlægður. Helgunarsvæði strengsins er víkjandi og fellur niður þegar strengurinn hefur verið fjarlægður. Lagnasvæðum um Arnarfjörð mun því ekki fjölga með tilkomu sæstrengs LN yfir fjörðinn. Þá má benda á að umsögn NÍ er jákvæð í garð þess að ekki verði farið með jarðstreng um Auðkúlubót. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um sæstrengi í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.
10	Sigurður Hreinsson	Landeigendur	Ekkert bendir til þess að andstaða sé hjá landeigendum þeirra jarða sem myndu bætast við á framkvæmdarsvæðið, með því að færa landtökuna frá Hrafnseyri til Tjaldanes. Þvert á móti hefur eigandi Auðkúlu talað fyrir því að sæstrengurinn fari um Tjaldanes. Þá er jörðin Tjaldanes ríkisjörð og væntanlega ekki andstaða þar fyrir framkvæmdunum.	Sæstrengur OV er óvirkur og verður fjarlægður. Ekki er því ástæða til að leggja nýjan streng um sama svæði þar sem leiðin þangað er viðkvæm fyrir raski. Í Auðkúlubót er að finna sjávarfítjar en slík náttúruyfyrirbæri njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig er friðlýst æðarvarp í Auðkúlubót vestan Geldingadalsár. Þá kunna friðaðar fornminjar við vesturenda gömlu flugbrautarinnar á Hrafnseyri að vera í hættu vegna strenglagnar að Auðkúlubót. Benda má á að umsögn NÍ er jákvæð í garð þess að ekki verði farið með jarðstreng um Auðkúlubót.
11	Samgöngustofa Halldór Ó. Zoëga	Leyfi	Samgöngustofa vill vekja athygli á 10. grein laga nr. 132/1999 um vitamál en þar segir m.a.: „Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjárleiðslur eru lagðar aflaga samþykkis Samgöngustofu fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.“	Leitað verður samþykkis Samgöngustofu þegar leitað verður framkvæmdaleyfis hjá Orkustofnun um strenglögn utan netlaga og hjá viðkomandi sveitarfélögum um strenglögn innan netlaga.

Yfirlit yfir athugasemdir og ábendingar, flokkaðar eftir efni ásamt tillögum að viðbrögðum.

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
12	Samgöngustofa Halldór Ó. Zoëga	Leyfi	Stofnunin vill vekja athygli á að hugsanlega þarf að leita umsagnar eða samþykkis annarra aðila áður en slíkur sæstrengur er lagður.	Aðalskipulagsbreytingin tekur aðeins til lands Ísafjarðarbæjar, þ.e. innan netlaga. Ísafjarðarbær veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum innan marka sveitarfélagsins. Orkustofnunar veitir leyfi fyrir framkvæmdum sem eru hluti flutningskerfis raforku og leyfi til að reisa og reka dreifikerfi, sbr. raforkulög nr. 65/2003. Auk þess samþykkir Orkustofnun kerfisáætlun samkvæmt sömu lögum. Umhverfisstofnun veitir leyfi til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna, sbr. lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð nr. 600/2018. Vegagerðin veitir leyfi til framkvæmda innan veghelgunarsvæða, sbr. vegalög nr. 80/2007. Öll leyfi til framkvæmda og starfsemi á hafsvæðinu, þ.e. utan netlaga, skulu vera í samræmi við strandsvæðisskipulag. Leyfisveitendur leita umsagnar Skipulagsstofnunar um samræmi við strandsvæðisskipulagið þegar fjallað er um leyfisumsóknir. Skipulagsstofnun leggur þá mat á hvort leggja þurfi viðkomandi erindi undir svæðisráð.
13	Vegagerðin Sigurður Friðgeir Friðriksson	Leyfi	Vegagerðin bendir á að í greinargerð kemur fram að framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis verði unnar í samráði við Vegagerðina. Vegagerðin vekur athygli á að allar framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar því þarf að koma fram að sérstaklega skal sækja um leyfi til Vegagerðarinnar.	Uppfært í greinargerð, þ.e. í töflu á bls. 9.
14	Landhelgisgæslan Guðríður Margrét Kristjánsdóttir	Ljósleiðari	Í öðru lagi bendir Landhelgisgæslan á að ljósleiðarstrengur Atlantshafsbandalagsins og Mílu þverar Arnarfjörð en strengurinn þjónar mikilvægu hlutverki í öllum fjarskiptum á Vestfjörðum og er einnig grunnstoð í eftirlits- og upplýsingakerfi Atlantshafsbandalagsins hér á landi samanber varnarmálalög nr. 34/2008, þjóðréttarlegar skuldbindingar íslenska ríkisins og auglýsingu nr. 60/2017 um mannvirki og fjarskiptakerfi Atlantshafsbandalagsins og íslenska ríkisins sem nýtt eru í öryggis- og varnartengd verkefni og utanríkisráðherra ber ábyrgð á. Landhelgisgæsla Íslands ber ábyrgð á daglegu öryggi- og rekstri ljósleiðarstrengs Atlantshafsbandalagsins samanber samning við utanríkisráðuneytið og samkomulag milli Mílu og utanríkisráðuneytisins um þjónustu við ljósleiðarakerfi, dags. 17. apríl 2013.	Samráð verður haft við sérfræðinga Landhelgisgæslu Íslands – varnarmálasvið og Mílu um nánari hönnun og útfærslu strenglagnar þar sem hún þverar ljósleiðara.
15	Míla Bragi Már Bragason	Ljósleiðari	Á svæðinu frá Mjólkárirkjun til Hrafnseyrar er Míla ekki með neinar lagnir utan koparheimtauga við Hrafnseyri. Við erum hins vegar með tvo ljósleiðarastrengi yfir Arnarfjörð sem fyrirhugaður sæstrengur þverar, annar frá Tjaldanesi að Langanesi, en hinn að Bíldudal sem gæti legið undir háð því hvar landtaka Mjólkárílinu 2 verður við Bíldudal.	Í umsógninni er fjallað um málefni sem er viðfangsefni í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Aðalskipulagsbreytingin tekur aðeins til svæðisins sem er innan marka Ísafjarðarbæjar, þ.e. netlaga. Framkvæmdin er vissulega ein heild og samræmi skal vera milli aðliggjandi skipulaga. Samráð verður haft við sérfræðinga Landhelgisgæslu Íslands – varnarmálasvið og Mílu um nánari hönnun og útfærslu strenglagnar þar sem hún þverar ljósleiðara.
16	Míla Bragi Már Bragason	Ljósleiðari	Auk þess má nefna að okkur er kunnugt um ljósleiðara í eigu Vegagerðarinnar við Mjólkárirkjun að Dýrafjarðargöngum.	Leitað verður upplýsinga hjá Vegagerðinni um legu ljósleiðarans.
17	Sigurður Hreinsson	Rekstraröryggi	Ekkert bendir til þess að minna rekstraröryggi sé á sæstreng sem lagður yrði frá Tjaldanesi. Þvert á móti er talsverð reynsla fyrir sæstrengjum frá þeim stað.	Kallar ekki á viðbrögð. Sæstrengur OV er óvirkur og verður fjarlægður.

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
18	Sigurður Hreinsson	Samráð	Landsnet setur fram hugmynd um eina lagnaleið án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila.	Samráð hefur átt sér stað í undirbúningi þessa verks. Í áætlun um framkvæmdaverk 2020-2023 í Kerfisáætlun 2020-2029 var lagt mat á þrjú valkosti fyrir þessa framkvæmd og rökstudd niðurstaða um þann kost sem var valinn (bls. 170). Áætlunin var til kynningar frá 12. júní - 30. júlí 2020 og bárust 20 umsagnir m.a. frá hagsmunaaðilum og fagstofnunum. Síðar þegar unnið var að matsskyldufyrirspurn þeirrar leiðar sem lögð var fram í kerfisáætlun, bauð Landsnet til fundar á Bíldudal 3. júní 2021, m.a. helstu hagsmunaaðilum sem nýta fjórðinn og þeirra landeigenda í Vesturbýggð sem áttu land þar sem strengleið fór um, eins og hún var kynnt í matsskyldufyrirspurn. Fulltrúar kalkþörungafyrirtækis og fiskeldisfyrirtækja mættu á fundinn ásamt landeigendum í Vesturbýggð. Fulltrúi rækjuleyfishafa var boðaður á fundinn, en náði ekki að mæta á fundinn. Þess í stað var hann í símasambandi við fulltrúa Landsnets í kjölfar fundarinnar og honum var einnig boðið að koma til fundar við starfsmenn Landsnets við tækifæri. Haft var símasamband við landeigendur í Ísafjarðarbæ, m.a. landeigenda að Auðkúlu. Í kjölfar ábendinga frá þeim landeigenda um æðarvarp, auk ábendinga sem bárust til tilkynningu til Skipulagsstofnunar var landtöku í Ísafjarðarbæ breytt og hún færð að Hrafnseyri.
19	Sigurður Hreinsson	Samráð	Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku tekur ekki aðeins á því með hvaða hætti á að horfa til uppbyggingar eða þróunar kerfisins. Stefnan tekur einnig á því með hvaða hætti skal vinna að uppbyggingunni með samráði og gagnsæi í vinnubrögðum. „Alþingi ályktar, sbr. 39. gr. a raforkulaga, nr. 65/2003, að við uppbyggingu flutningskerfis raforku, þ.m.t. við gerð kerfisáætlunar, verði stefna sú sem fram kemur í þingsályktun þessari höfð að leiðarljósi.“ (*2) „6. Standa skal að uppbyggingunni á opinn og fyrir fram skilgreindan hátt innan ramma kerfisáætlunar, þar sem valkostagreiningar eru lagðar til grundvallar.“ (*2) „Með sjötta áhersluatriðinu er vísað til mikilvægis þess að skipulega og með gagnsæjum hætti sé staðið að áformum um uppbyggingu flutningskerfis raforku og jafnframt tryggt aðgengi hagsmunaaðila að þeirri vinnu frá fyrstu stigum. Er áhersluatriðið til samræmis við þá breytingu sem gerð var á raforkulögum með lögum nr. 26/2015 þar sem kveðið var með skýrari hætti á um undirbúning kerfisáætlunar (sbr. 9. gr. a raforkulaga).“ (*2) Það verður því að segjast að vinnubrögðin í þessu máli hafa ekki verið í samræmi við stefnu stjórnvalda. Og ekki heldur í anda þess sem Landsnet segir sjálf, í áður nefndri grein Magna Þórs Pálssonar: „Lagning jarðstrengja í flutningskerfum og rekstur þeirra er áskorun sem öll raforkuflutningsfyrirtæki standa frammi fyrir. Við hjá Landsneti hvetjum almennung til að láta sig þessi mál varða. Það er afar mikilvægt að umræðan sé upplýst og byggð á rökum. Við fögnum því að fá tækifæri til þess að skýra út hluti og ræða saman á málefnalegum grunni.“ (*3)	Eins og fram kemur í tilvísari grein, þá ber að horfa til stefnu stjórnvalda við uppbyggingu flutningskerfisins, þ.m.t. við gerð kerfisáætlunar. Samanburður þriggja valkosta fór fram í áætlun um framkvæmdaverk í Kerfisáætlun 2020-2029 (tafla 3-173). Borin var saman kostnaður við loftlínu, sem sýndi að kostnaður við jarð-/sæstreng var 1,7 sinnum ódýrari en loftlínu (tafla 3-185 í áætlun um framkvæmdaverk 2020-2029). Sjá einnig kerfisáætlun Landsnets: https://landsnet.is/library/kynningarrit-og-skyrslur/kerfisaaetlun-2020-2029/Kerfis%C3%A1%C3%A6tlun%20Landsnets%202020-2029%20-%20%C3%81%C3%A6tlun%20um%20framkv%C3%A6mdaverk%202021-2023%20.pdf Einnig er vísað til umfjöllunar um samráð í lið 18.
20	Landhelgisgæslan Guðríður Margrét Kristjánsdóttir	Samráð	Með vísan til framangreindra atriða og byggt á þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir varðandi legu sæstrengs sem þverar ljósleiðarstreng Atlantshafsbandalagsins þurfa hagsmunaaðilar að fara betur yfir legu sæstrengsins og frágang. Varðandi sæstreng yfir Arnarfjörð er gerð ófrávikjanleg krafu um að haft sé samráð við sérfræðinga Landhelgisgæslu Íslands – varnarmálasvið og Mílu varðandi hönnun, legu og frágang sæstrengs ef og þar sem hann þverar eða liggur nálægt ljósleiðarstreng Atlantshafsbandalagsins.	Í umsögninni er fjallað um málefni sem er viðfangsefni í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Aðalskipulagsbreytingin tekur aðeins til svæðisins sem er innan marka Ísafjarðarbæjar, þ.e. netlaga. Framkvæmdin er vissulega ein heild og samræmi skal vera milli aðliggjandi skipulaga. Samráð verður haft við sérfræðinga Landhelgisgæslu Íslands – varnarmálasvið og Mílu um nánari hönnun og útfærslu strengsins þar sem hann þverar ljósleiðara.
21	Landhelgisgæslan Guðríður Margrét Kristjánsdóttir	Samráð	Þá er enn fremur bent á nauðsyn þess að aflu umsagna varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins og Mílu.	Óskað verður eftir umsögn varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins við auglýsingu skipulagstillögunnar. Umsögn Mílu barst um vinnslutillögu skipulagsbreytingarinnar og þess er vænst að Míla veiti einnig umsögn um auglýsta tillögu.
22	Míla Bragi Már Bragason	Samráð	Míla óskar eftir að haft verði samráð við okkur áður en til framkvæmda kemur.	Samráð verður haft við Mílu um nánari útfærslu nánari útfærslu hönnun og strenglagnar þar sem hún þverar ljósleiðara.

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
23	Rækjuleyfishafar í Arnarfirði Björn Magnús Magnússon	Samráð	Hingað til hefur ekkert samband verið haft við okkur sem erum að veiða rækju á umræddu svæði. Það er og vonandi hafa menn skilning á því, skýlaus krafa að sú lagnaleið sem er verið að skoða verði endurskoðuð eða breitt til þess að minnka þá skerðingu að rækjumiðunum sem hún mun koma til með að valda.	Samráð hefur átt sér stað í undirbúningi þessa verks. Í áætlun um framkvæmdaverk 2020-2023 í Kerfisáætlun 2020-2029 var lagt mat á þrjá valkosti fyrir þessa framkvæmd og rökstudd niðurstaða um þann kost sem var valinn (bls. 170). Áætlunin var til kynningar frá 12. júní - 30. júlí 2020 og bárust 20 umsagnir m.a. frá hagsmunaaðilum og fagstofnunum. Síðar þegar unnið var að matsskyldufyrirspurn þeirrar leiðar sem lögð var fram í kerfisáætlun, bauð Landsnet til fundar á Bíldudal 3. júní 2021, m.a. helstu hagsmunaaðilum sem nýta fjórðinn og þeirra landeigenda í Vesturbyggð sem áttu land þar sem strengleið fór um, eins og hún var kynnt í matsskyldufyrirspurn. Fulltrúar kalkþörungafyrirtækis og fiskeldisfyrirtækja mættu á fundinn ásamt landeigendum í Vesturbyggð. Fulltrúi rækjuleyfishafa var boðaður á fundinn, en náði ekki að mæta á fundinn. Þess í stað var hann í símasambandi við fulltrúa Landsnets í kjölfar fundarinnar og honum einnig boðið að koma til fundar við starfsmenn Landsnets við tækifæri. Haft var símasamband við landeigendur í Ísafjarðarbæ.
24	Sigurður Hreinsson	Skipulagsferlið	Í kaflanum 2.6 Samræmi við skipulag, er það nefnt sem rök fyrir þessari breytingartillögu að Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, að breytingartillagan sé í samræmi við kynnta tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða, sem kynnt var sumarið 2022. Þar er þessi tillaga Landsnets teiknuð inn á uppdrátt. Nefnt strandsvæðisskipulag hefur ekki öðlast gildi og fyrirbyggur að undirritaður gerði samskonar athugasemdir við tillöguna í Strandsvæðisskipulaginu og hann gerði í þessari tilraun Landsnets til að breyta Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar. Ekki er því útilokað að tillagan verði fjarlægð af uppdrátti strandsvæðisskipulags áður en að það hefur öðlast gildi. Það gerir þessa tillögu Landsnets amk. ekki á neinn hátt betri eða vandaðir, að fyrirtækið hafi einnig verið búið að koma hugmyndinni á framfæri við svæðisráð að strandsvæðisskipulagi. Krafan um alvöru valkostagreiningu sem sýni fram á að besti kosturinn sé valinn, á alveg jafn vel við, sama við hversu marga er búið að nefna hugmyndina.	Við gerð skipulagstillagna skal skv. skipulagslögum gera grein fyrir tengslum hennar við aðra áætlanagerð á svæðinu m.a. svæðisskipulag ef það liggur fyrir. Einnig skal vera innbyrðis samræmi milli gildandi skipulagsáætlana og er svæðisskipulag réttþærra en aðalskipulag. Við vinnslu strandsvæðisskipulagsins voru áætlanir Landsnets teknar til skoðunar eins og lög gera ráð fyrir. Vinnslutillaga svæðisskipulagsins hefur verið kynnt og samráð verið haft í samræmi við lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018, s.s. við almenning og aðra hagsmunaaðila.
25	Sigurður Hreinsson	Skipulagsferlið	Nú er það svo að undirritaður áttar sig ágætlega á nauðsyni þess að efla raforkukerfi Vestfjarða, ma. með frekari möskvatengingu, til að auka raforkuöryggið á svæðinu. Höfundur hefur sjálfur tekið þátt í umræðum um raforkumál á vettvangi sveitarstjórnarstigsins og meðal annars verið þáttakandi í samráðshópi Landsnets vegna mögulegs tengipunkts í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Því er það verulega trúfandi hversu illa þetta mál er unnið.	Þar sem framkvæmdir vegna raflínu og mögulegs tengipunkts í innanverðu Ísafjarðardjúpi eru matsskyldar framkvæmdir, hefur Landsnet m.a. stofnað verkefnað og fundað með því. Einnig hefur Landsnet átt samskipti við landeigendur og sveitarstjórnir sem þar hafa hagsmuna að gæta. Það verklag viðhefur Landsnet nú vegna framkvæmda sem eru af sambærilegri stærðargráðu og mögulegar framkvæmdir í Djúpinu og falla í flokk A í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdir við Mjólklárlínu 2 falla ekki þar undir. Rétt er að benda á að samráð skv. verklagi Landsnets er umfram lagaskyldu.
26	Sigurður Hreinsson	Skipulagsferlið	Það er ekki ásættanlegt að vinnubrögðin í málinu séu beinlínis þvert á stefnu stjórnvalda um samráð, eins og bent hefur verið á í greinargerðinni.	Sjá lið 18 um valkostagreiningu kerfisáætlunar og samráð við annan undirbúning framkvæmdarinnar. Samráðið er í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslög nr. 123/2010.
27	Sigurður Hreinsson	Skipulagsferlið	Skoðun undirritaðs er, að Skipulags- og mannvirkjanefnd sem og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar beri að hafna þessari breytingartillögu að aðalskipulagi.	Kallar ekki á viðbrögð.
28	Sigurður Hreinsson	Skipulagsferlið	Senda þarf málið aftur á byrjunarreit og gera framkvæmdaraðila að vinna málið frá grunni, með viðtæku samráði við hagsmunaaðila og almenning, ítarlegri greiningu allra valkosta sem nefndir hafa verið í þessu sambandi og sterkum rökum fyrir notkun á takmörkuðum jarðstrengrjakvóta svæðisins.	Sjá lið 18 um valkostagreiningu kerfisáætlunar og samráð við annan undirbúning framkvæmdarinnar. Samráðið er í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og skipulagslög nr. 123/2010.
29	Sigurður Hreinsson	Skipulagsferlið	Að mati undirritaðs hefur öll vinna Landsnets í málinu til þessa verið svo vond að jafnvel má efast um að nafnið á verkefninu standist til lengri tíma.	Kallar ekki á viðbrögð.
30	Landhelgisgæslan Guðríður Margrét Kristjánsdóttir	Skipulagsferlið	Landhelgisgæslan vill enn fremur vekja athygli Ísafjarðarbæjar á meðfylgjandi umsögn stofnunarinnar um strandsvæðisskipulag Vestfjarða.	Tekið til skoðunar.

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
31	Sigurður Hreinsson	Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku	Það má nú alveg deilda um hvort að rétt sé vitnað í Stefnu stjórnvalda (Þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku), þegar sagt er í texta í aðalskipulagsbreytingartillögunni að; „... í lágspennitari landshlutakerfum raforku skuli meginreglan vera sú að notast verði við jarðstrengi.“ (bls 14. *1) Í greinargerð með Stefnu stjórnvalda segir eftirfarandi: „1.1. Lágspennt dreifikerfi raforku. Í hinu lágspennna dreifikerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við jarðstrengi við lagningu raflína eða endurnýjun eldri lagna. Í rökstuddum undantekningartilvikum skal vera heimilt að notast við loftlínur, vegna sérstakra ástæðna. 1.2. Landshlutakerfi raforku. Í landshlutakerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við jarðstrengi við lagningu raflína eða endurnýjun eldri lagna, að því gefnu að það sé tæknilega raunhæft og að kostnaður við slíka lausn sé ekki meiri en tvisvar sinnum kostnaður við loftlínu. Í rökstuddum undantekningartilvikum verði heimilt að víkja frá þessari meginreglu, t.d. ef í umhverfismati kemur fram að loftlína sé talin betri kostur út frá umhverfissjónarmiðum.“ (*2)	Línan er hluti af landshlutakerfi raforku og því á liður 1.2. við um þessa framkvæmd. Tæknilega er raunhæft að leggja línuna sem streng og kostnaður er ekki meiri en 2x kostnaður við loftlínu. Samanburður þriggja valkosta fór fram í áætlun um framkvæmdaverk í Kerfisáætlun 2020-2029. Sjá svar hér að framan við lið 20 um valkosta- og kostnaðargreiningu í kerfisáætlun.
32	Sigurður Hreinsson	Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku	Í 15 punkta greinargerð með Stefnu stjórnvalda segir ma. eftirfarandi: „9. Þegar framkvæmd í flutningskerfinu tekur til fleiri en eins sveitarfélags skal tryggja að ákvarðanir um einstaka jarðstrengskafla, þegar það á við, byggist á heildstæðu mati á þeim hluta flutningskerfisins þar sem lengd jarðstrengskafla er háð takmörkunum og innbyrðis háð. Í slíkum tilvikum skal miða að því að jarðstrengskaflar séu nýttir á þeim svæðum þar sem jarðstrengur hefur í för með sér mestan ávinning umfram loftlínu.“ (*2) „14. Nýta skal núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa, með endurbyggingu og/eða spennuhækkun, fjölgun eða stækkun leiðara á línunum eða öðrum þekktum aðferðum.“ (*2)	Sjá svar við lið 8.
33	Landhelgisgæslan Guðríður Margrét Kristjánsdóttir	Sæstrengir	Landhelgisgæsla Íslands gerir athugasemdir við legu sæstrengsins sem fyrirhugað er að liggja frá Hrafnseyri og að Bıldudal.	Tekið til skoðunar, sjá liði 14, 20, 21, 30, 34 og 52.
34	Landhelgisgæslan Guðríður Margrét Kristjánsdóttir	Sæstrengir	Eftirfarandi kort sem unnið er af starfsmönnum sjómælinga- og siglingaöryggisdeild landhelgisgæslunnar sýnir nánar legu þeirra strengja sem þekkt er að liggja um svæðið. Um er að ræða hluta úr handriti að sjókort nr. 45 í mælikvarðanum 1:100 000 sem sjómælinga- og siglingaöryggisdeild LHG hefur unnið en hefur ekki verið gefið út. Þysjað er inn á innanverðan Arnarfjörð. Í grunninum eru merkt inn þau fiskeldissvæði sem þegar hefur verið veitt leyfi fyrir, eins og þau hafa verið tilkynnt til LHG. Það er svarta punktalínan. Gulskyggða svæðið er sama svæði eins og það er merkt inn í umsókn um breytingu á afmörkun eldissvæða og bláa brotalínan er það svæði óskað hefur verið eftir að stækka eldissvæðið um. Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um alla strengi sem merktir eru inn á kortið en Ísafjarðarbæ er bent á að hafa samband við Landhelgisgæsluna til að fá ítarlegri upplýsingar.	Tekið til skoðunar við nánari útfærslu hönnun og strenglagningar. Einnig verður leitað til Landhelgisgæslunnar eftir nákvæmari gögnum ef þarf.
35	Vesturbyggð Elfar Steinn Karlsson	Sæstrengir	Skipulags- og umhverfisráð Vesturbyggðar leggur til við Ísafjarðarbæ að eldri sæstrengur Orkubús Vestfjarða er liggur utan til við Steinanes verður felldur út af Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar, strengurinn er ónýtur og hefur ekki verið í notkun s.l. ár og stendur til að fjarlægja samhliða lagningu nýs strengs Landsnets. Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki aðrar athugasemdir við breytingartillöguna og felur skipulagsfulltrúa að svara bréfitara.	Sæstrengur OV er óvirkur og verður fjarlægður. Helgunarsvæði strengsins er víkjandi og fellur niður þegar strengurinn hefur verið fjarlægður.
36	Sigurður Hreinsson	Umhverfismat áætlana	Í kafla 4.2 í tillögu Landsnets að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar eru tiltekin þau atriði sem umhverfisviðmiðin er ætlað að taka á. „Umhverfisviðmiðin eru ætlað að lýsa æskilegri þróun með tilliti til sjálfbærni og umhverfismála. Umhverfisviðmiðin eru birt í töflu hér að neðan (Tafla 4.2), en þar eru einnig tilgreindir visar og tengsl við umhverfisþætti sem skilgreind eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Umhverfisviðmiðin eru í grunnin byggð á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (HMS). Sérstaklega er tekið mið af heimsmarkmiðum sem valin hafa verið sem forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda og hafa augljós tengsl við skipulagsgerð.“ (bls.11. *1) Og að því er þar með látið liggja, að unnið hafi verið eftir þessari töflu, sem hér má sjá á næstu blaðsíðu.	Umhverfismat skipulagsbreytingarinnar byggir á töflu 4.2 í umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingarinnar. Í töflum 4.4 og 4.5 eru valkostirnir metnir m.t.t. umhverfisviðmiðanna sem tilgreind eru í töflu 4.2.

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
37	Sigurður Hreinsson	Umhverfismat áætlna	<p>[Tafla 4.2 úr umhverfismatsskýrslu](bls.12. *1)</p> <p>Það vakti hinsvegar athygli undirritaðs að alfarið var skautað framhjá línu 7 í töflunni; Umhverfi hafsins og auðlindir þess. Skammstöfunin HMS-14 vísar í Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, 14. Líf í vatni.</p> <p>Það má telja það nokkuð öruggt að væru bornir saman þessir 4 kostir sem undirritaður hefur ítrekað bent á eigi að bera saman, um leið fyrir nýjan sæstreng yfir Arnarfjörð, þá fengi sá kostur sem Landsnet er að reyna að keyra hér í gegn, lökustu einkunnina undir þessum lið. Skerðing á mikilvægasta veiðisvæði rækju í Arnarfirði um 15% í viðbót við alla þá skerðingu sem önnur nýting hefur þegar orsakað, hefur neikvæð áhrif á sjálfbærni veiðanna. NB. ekki á sjálfbærni rækjustofnsins heldur á arðsemi veiðanna og þar að leiðandi sjálfbærni þeirra.</p> <p>„14.c Vernda og efla sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess með því að framfylgja alþjóðalögum, sbr. ákvæði þar að lútandi í hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um varðveislu og sjálfbæra nýtingu hafsins og auðlinda þess ...“ (*7)</p> <p>Og því má telja líklegt að þessi leið sem Landsnet vill fara með sæstrenginn yfir fjörðinn gagni gegn Heimsmarkmiðunum.</p>	<p>Aðalskipulag tekur til alls lands sveitarfélags og nær til netlaga til sjávar en strandsvæðisskipulag tekur til svæðisins utan netlaga. Aðalskipulagsbreytingin tekur því aðeins til lands innan marka Ísafjarðarbæjar og eru viðmiðin valin með tilliti til þess.</p> <p>Vissulega er um að ræða framkvæmd sem myndar eina heild þó honu náti til þriggja skipulagsáætlana. Þess er vænst að við gerð strandsvæðisskipulags verði tekið mið af viðeigandi viðmiðum.</p> <p>Valkostur um jarðstreng var skoðaður við upphaf verkhönnunarinnar. Þar var m.a. horft til þróunar rækjuveiða í Arnarfirði og fjörðum sem frá honum liggja, frá 1999 - 2020. Ljóst er að rækjustofninn er lifandi auðlind sem er ekki staðbundin innan fjardanna. Ljóst að dregið hefur úr veiðinni og veiðar í takt við ástand stofnsins. Séu skoðaðar myndir (m.a. mynd 4.9 í fylgiskjali með umsögn Sigurðar), sem sýna dreifingu rækjuafans í fjörðunum þá hefur dregið úr veiðinni og hún undanfarin ár einskorðast við innri hluta Arnarfjarðar að Borgarfirði. Hefði sæstrengur verið lagður í sjó alla leið frá Bíldudal að Mjólka, inn Arnarfjörð, þá hefði strenglagn legið langs eftir veiðislóðum og því hafa meiri áhrif á rækjuveiðar en með því að þvera fjörðinn líkt og gert er ráð fyrir í tillögum að strandsvæðaskipulagi Arnarfjarðar.</p> <p>Rétt er að benda á að sæstrengur OV er óvirkur og verður fjarlægður. Helgunarsvæði strengsins er víkjandi og fellur niður þegar strengurinn hefur verið fjarlægður.</p>
38	Sigurður Hreinsson	Umhverfismat áætlna	<p>Fullyrðingar í breytingartillögunni um að umhverfismatið „gefi yfirsýn og veiti upplýsingar um það svigrúm sem er í skipulagsgerð með tilliti til sjálfbærni viðmiða“, (bls. 14. *1) eru rangar! Enda gefa þær hvorki upplýsingar um svigrúmið sem er til valkosta, né veitir það nægjanlega yfirsýn.</p>	<p>Kallar ekki á viðbrögð.</p>
39	Sigurður Hreinsson	Valkostir	<p>Í upphafi á þessum athugasemdum langar mig að vekja athygli á mjög sambærilegu máli, sem Landsnet er að vinna. Verkefnið sem um ræðir gengur undir vinnuheitinu “Holtavörðuheildarlína 1” og varðar áform um lagningar á nýrri háspennulínu frá Hrútatungu í Hrútafirði, suður yfir Holtavörðuheidi, niður Borgarfjörð og á að enda í Hvalfjarðarsveit. Um er að ræða línuleið sem er um rúmir 90 km og liggur í gegnum nokkur sveitarfélög, og fjölmargar jarðir. Víðtækt samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila við vinnslu málsins og er í valkostagreiningu vegna málsins bornir upp 14 mismunandi kostir við lagningu línunnar.</p> <p>“Unnið er að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og liður í því er að setja fram tillögum um raunhæfa valkosti línunnar, sem lagðir verði fram til umhverfismats. Landsnet hefur í samráði við verkefnaráð Holtavörðuheildarlínu 1, landeigendur og almenning leitað eftir hugmyndum og ábendingum um línuleiðir. Markmiðið er að vinna leiði að lokum til skynsamlegrar niðurstöðu um aðalvalkosti línunnar. Niðurstaða valkostagreiningar er að alls sjö valkostir Holtavörðuheildarlínu 1 eru taldir geta náð markmiðum framkvæmdarinnar á fullnægjandi hátt.“ (bls. 3. *4)</p> <p>Í samanburði við þessa vinnu við Holtavörðuheildarlínu 1, eru vinnubrögð Landsnets við hugmyndir um nýja tengingu á milli Mjólkár og Bíldudals dæmi um algert klúður og gögnin vegna málsins full af göllum.</p> <p>Í fyrirliggjandi aðalskipulags-breytingartillögu er sett fram svokölluð valkostagreining sem gerir því miður lítið annað en að undirstrika vond vinnubrögð framkvæmdaraðila.</p> <p>Mun ég fara betur yfir þessar skoðanir minar hér í þessari samantekt.</p>	<p>Holtavörðuheildarlína 1 er ekki sambærilegt mál. Um er að ræða 220 kV loftlínu um 90 km löng. Slíkar framkvæmdir eru matskyldar og falla í flokk A í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Slíkar framkvæmdir eru margfalt umfangsmeiri en þær sem hér um ræðir. Lagning sæstrengsins fellur í flokk B skv. framangreindum lögum og er eingöngu tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin hefur verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem hefur komist að þeirri niðurstöðu að framkvæmdin sé ekki matskyld og þ.a.l. er málsmeðferðin önnur en fyrir framkvæmd í flokki A. Eins og fram kemur í svörum við lið 18, var við undirbúning framkvæmdarinnar haft samband við landeigendur og hagsmunaaðila.</p>

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
40	Sigurður Hreinsson	Valkostir	<p>Í tillögu Landsnets að aðalskipulagsbreytingunni sem nú liggur fyrir, eru bornar saman við núllkost, ein leið fyrir sæstreng yfir fjórðinn en með sitt hvorri landtökunni við norðanverðan fjórðinn. Þá eru nefndir tveir möguleikar um strengjaleið milli Mjólkár og Hrafnseyrar. Gefnar eru eftirfarandi skýringar á vali á þessum kostum í kafla 4.4 Valkostir. Undirstrikanir gerðar af höfundi þessarar greinargerðar:</p> <p>„Í umhverfismatinu eru bornir saman og metnir valkostir um legu Mjólkár línu 2 með það að markmiði að matið gefi yfirsýn og veiti upplýsingar um það svigrúm sem er í skipulagsgerð með tilliti til sjálfbærni viðmiða. Metinn er núllkostur, það er að ekki komi til lagningar strengsins og aðrir valkostir eru bornir saman við hann.</p> <p>Valkostur um loftlínu kom ekki til álitna þar sem það samræmist ekki stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þ.e. í lágspennitari landshlutakerfum raforku skuli meginreglan vera sú að notast verði við jarðstrengi.</p> <p>Valkostur um sæstreng alla leiðina milli Mjólkár og Bíldudals var skoðaður við upphaf verkhönnunar. Sá kostur var ekki skoðaður nánar vegna þeirra áhrifa sem hann myndi valda á aðra nýtingu í firðinum, svo sem veiðar og eldi.“ (bls. 14. *1)</p> <p>Svo mörg voru þau orð! Þessar skýringar eru þess eðlis að algerlega ómögulegt er að fara framhjá textanum án þess að gera allnokkrar athugasemdir.</p>	<p>Eins og áður kemur fram var valkostur um jarðstreng skoðaður við upphaf verkhönnunarinnar. Þar var m.a. horft til þróunar rækjuveiða í Arnarfirði og fjórðum sem frá honum liggja, frá 1999 - 2020. Ljóst er að rækjustofninn er lifandi auðlind sem er ekki staðbundin innan fjarðanna. Ljóst að dregið hefur úr veiðinni og eru veiðar í takt við ástand stofnsins. Séu skoðaðar myndir sem sýna dreifingu rækjuafans í fjórðunum þá sést að dregið hefur úr veiðinni (m.a. mynd 4.9 í fylgiskjali með umsögn Sigurðar) og undanfarin ár einskorðast hún við innri hluta Arnarfjarðar að Borgarfirði. Hefði sæstrengur verið lagður í sjó alla leið frá Bíldudal að Mjólka, inn Arnarfjörð, þá hefði strenglagn legið langs eftir veiðislóðum og því haft meiri áhrif á rækjuveiðar en með því að þvera fjórðinn líkt og gert er ráð fyrir í tillögum að strandsvæðaskipulagi Arnarfjarðar og í aðalskipulagsbreytingunni.</p>
41	Sigurður Hreinsson	Valkostir	<p>Valkostur um loftlínu hlýtur því að koma til greina! Alveg nákvæmlega eins og raflínan á milli Bíldudals og Tálknafjarðar er áfram sama línan og sömu staurarnir, en hefur verið spennuhækkuð úr 33kV í 66kV, þess. ekki lögð í jörð. (bls.3. *1)</p>	<p>Á vettvangi Kerfisáætlunar 2020-2029 fór fram valkostagreining og hefur hlotið samþykki Orkustofnunar. Viðtækar greiningar hafi farið fram á mögulegum jarðstrengslögnum á Vestfjörðum, sem sýna að svigrúmið sé vissulega takmarkað. Lagning Mjólkár línu 2 í streng takmarki möguleika til frekari strenglagna, en útiloki þá þó alls ekki.</p>
42	Sigurður Hreinsson	Valkostir	<p>Sama má segja um Bolungarvíkurlínu 1, sem er verið að færa til á 2.250m kafla uppi á fjalli ofan við botn Súgandafjarðar. Ekki er verið að leggja þann hluta sem jarðstreng, þrátt fyrir mikla veðuráraun og talsvert fannfergi.</p>	<p>Landsnet er að skoða þá möguleika sem eru til staðar við að styrkja Bolungarvíkurlínu 1 m.t.t verðuráraunar.</p>
43	Sigurður Hreinsson	Valkostir	<p>Það er því niðurstaða undirritaðs að þegar öll atriði hér fyrir ofan eru tekin saman, að klárlega ætti einn af möguleikum í valkostagreiningunni að áfram verði loftlína frá Mjólkár vírkjun amk áleiðis að landtökustað á sæstreng. Orkubúið hefur talað fyrir hugmynd sem gengur út á að endurnýja hringtenging sem færi út Arnarfjörð eftir Hrafnseyrarlínu (sem auðvelt er að spennuhækka fyrir 66 kV) og með nýjum sæstreng yfir á Bíldudal. (bls.13. *8)</p>	<p>Vísað er til niðurstöðu valkostagreiningar í Kerfisáætlun 2020-2029, sbr. lið 41.</p>
44	Sigurður Hreinsson	Valkostir	<p>Að líta svo á að loftlína komi ekki til álitna gengur að mati undirritaðs beinlínis þvert gegn stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, þar sem tiltekið er að ákvarðanir um einstaka jarðstrengskafla, skuli byggjast á heildstæðu mati á þeim hluta flutningskerfisins, þar sem lengd jarðstrengskafla er háð takmörkunum og innbyrðis háð. „Í slíkum tilvikum skal miða að því að jarðstrengskaflar séu nýttir á þeim svæðum þar sem jarðstrengur hefur í för með sér mestan ávinning umfram loftlínu.“ (*2) Eða eins og segir í grein Magna Þórs á heimasíðu Landsnets: „Jarðstrengslögn í einni línu getur haft áhrif á möguleika til jarðstrengslagna í annarri línu á sama svæði. Því er nauðsynlegt að vinna ítarlega kerfisgreiningu í hverju tilfalli.“ (*3)</p>	<p>Ekki er tekið undir þessa fullyrðingu. Vísað er til liða 6, 7 og 8.</p>
45	Sigurður Hreinsson	Valkostir	<p>Það er satt að segja alveg stóruandlegt að verða vitni að þessum vinnubrögðum Landsnets að setja fram aðeins eina leið, sem möguleika fyrir sæstreng yfir Arnarfjörð. Og einu sjáanlegu "rökin" fyrir þessari þróingsýni er að möguleikinn um "sæstreng alla leiðina milli Mjólkár og Bíldudals" hafi verið skoðaður í upphafi verkhönnunar. (bls.14. *1) Það eru álíka gáfulegt og að réttlæta fyrir sjálfum sér að aka á 130km/klst hraða, þar sem er 90 km/klst hámark, af því að maður hafi hugleitt í upphafi ferðar að ferðast á 180km/klst hraða !</p>	<p>Ekki er tekið undir þessa fullyrðingu. Vísað er til niðurstöðu valkostagreiningar í Kerfisáætlun 2020-2029, sbr. lið 41.</p>

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
46	Sigurður Hreinsson	Valkostir	Það er því niðurstaða undirritaðs með hliðsjón af ofangreindum atriðum, að eðlilegt væri að taka einnig í valkostgreiningunni þá þrjá möguleika fyrir sæstreng sem eru nánar skýrðir í viðauka 2. 1. Þannig væri tillagan sem er í grænum lit, 7,64.km * 0,4.km = 3,1. km ² . 2. Bláa tillagan gæfi þessa niðurstöðu, 8,28.km * 0,4.km = 3,31. km ² . 3. Þúg fjólubláa tillagan gæfi lang minnstu skerðingar á togslóð, 4,15.km * 0,4.km = 1,66. km ² .	Landsnet gerir ráð fyrir að heildarbreidd helgunarsvæðisins á hafsvæðinu verði 400 m (í stað 800 m) að danskri fyrirmynd. Helgunarsvæðið verður því mun umfangsminna en miðað er við í umsögninni. Auk þess er sæstrengur OV óvirkur og verður fjarlægður. Helgunarsvæði strengsins er víkjandi og fellur niður þegar strengurinn hefur verið fjarlægður. Áhrif grænu og bláu leiðarinnar (skv. mynd í umsögn) verða því svipuð og af þeirri leið sem Landsnet leggur til. Fjólubláa leiðin hefur vissulega minnst áhrif á togslóðir en hefur talsvert meiri áhrif á landi m.a. á friðlýst svæði í Dynjandisvoggi og á lítt röskuð svæði þar fyrir utan.
47	Sigurður Hreinsson	Valkostir	Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að Landsnet komi með góð og gild rök fyrir þeirri lagnaleið sem þeir leggja til og gefi greinargóða skýringu á því hvers vegna er valin sú leið yfir fjörðinn sem hefur lang alvarlegust áhrif á nýtingu svæðisins til rækjuveiða.“ (viðauki 2. (Bl.14))	Við ákvörðun um lagnaleið þarf að horfa til margvíslegra þátta, og í tilvikum þessarar framkvæmdar, bæði hvað varðar umhverfi í sjó og á landi. Rækjuveiðar eru einn þessara þátta og væri farið með strengleið utar og komið að landi við Tjaldanes, væri farið um lengra landsvæði með tilheyrandi raski. Farið um fleiri jarðir, svæði sem nýtur verndar laga um náttúruverndar, friðlýst æðarvarp og um svæði þar sem er að finna friðaðar fornminjar.
48	Sigurður Hreinsson	Valkostir	Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar um aðrar leið fyrir sæstreng yfir fjörðinn velur Landsnet þann kost að gera aðeins tillögu um eina leið yfir fjörðinn en með tveimur möguleikum um landtöku við norðanverðan Arnarfjörðin. Í niðurlagi kaflans „Niðurstaða umhverfismats, samlegðaráhrif og eftirfylgni“ segir ma. eftirfarandi: „Heildarniðurstaða samanburðar valkosta um landtöku Mjólkárlnu 2 við norðanverðan Arnarfjörð leiðir í ljós ríka þörf fyrir framkvæmdina til að styrkja innviði og stuðla að viðnámsþróttu gagnvart breytingum á svæðinu. Niðurstaða umhverfismatsins leiðir einnig í ljós afgerandi kosti þess að taka strenginn í land á Hrafnseyri. Með þeim hætti er hægt að lágmarka umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, svo sem áhrif á náttúruverndar sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og áhrif á mikilvægt fuglasvæði og æðarvarp.“ (bls. 24. *1) Þessi niðurstaða er vægast sagt spaugileg í ljósi þess að það var hreint ekki af framkvæði Landsnets að skoða annan stað fyrir landtöku sæstrengsins, en í Auðkúlubót. Gerðist það fyrst og fremst vegna einbeitrar andstöðu eiganda jarðarinnar Auðkúlu og vegna innsendra athugasemda undirritaðs. Niðurstaða umhverfismats og samanburður á „valkostum“ til landtöku getur því að mati undirritaðs varla flokkast öðruvísi en aum tilraun til eftiráskýringa. Og sýnir jafnframt hversu slægt vinnubrögð hafa verið í máli þessu frá upphafi.	Ýmsar góðar breytingar koma til vegna athugasemda sem Landsnet fær frá landeigendum og öðrum, m.a. þessi breyting á landtökunni. Niðurstaða umhverfismats skipulagsbreytingarinnar staðfestir þann umhverfislega ávinning sem þessi tillaga landeiganda leiddi í ljós við samanburð valkosta.
49	Sigurður Hreinsson	Valkostir	Það er jafnframt ekki ásættanlega vinnubrögð að koma með gervi- Valkostgreiningu, sem bersýnilega er unnin eftir á og reyna með þeim hætti að rökstyðja ákvarðanir sem hafa verið teknar á allt öðrum forsendum og í einhverjum tilfellum án nokkurra raka.	Nú þegar unnið er að aðalskipulagsbreytingu, liggja fyrir margvísleg gögn sem orðið hafa til við undirbúning þessarar framkvæmdar. Metnir hafa verið valkostir á kerfisáætlanarstigi, gerð frumhönnun og unnin tilkynning til Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Þeir valkostir sem lagðir eru hér fram byggja á þeim fyrirbyggjandi gögnum sem eru til staðar. Á þessu stigi eru lagðir fram valkostir um útfærslu þess valkosta sem valinn hefur verið m.a. í kerfisáætlun.
50	Sigurður Hreinsson	Veiðar og eldi	Landsnet hefur engin rök lagt fram hvers vegna ekki er vilji til að skoða lagnaleið yfir fjörðinn sem skerða svæði til rækjuveiða minna en þeirra eigin hugmynd.	Eins og áður kemur fram var valkostur um jarðstreng skoðaður við upphaf verkhönnunarinnar. Þar var m.a. horft til þróunar rækjuveiða í Arnarfirði og fjörðum sem frá honum liggja, frá 1999 - 2020. Ljóst er að rækjustofninn er lífandi auðlind sem er ekki staðbundin innan fjarðanna. Landsnet hefur komið því á framfæri við fulltrúa svæðisskipulagsnefndar að helgunarsvæði sæstrengs Landsnets yfir Arnarfjörð geti verið þrengra en skilgreint hefur verið í tillögu að strandsvæðisskipulaginu. Skerðing rækjuveiðisvæða þarf því ekki að vera eins umfangmikil og kemur fram í umsögn Sigurðar. Þær upplýsingar verða til umfjöllunar þegar svæðisskipulagsnefndin tekur ákvörðun um endanlegt skipulag strandsvæðisins. Landsnet hefur væntingar um að sú stefna sem þar verður mörkuð geti skapað sátt um fjölbreytta nýtingu Arnarfjarðar til lengri tíma. Rétt er að benda á að sæstrengur OV er óvirkur og verður fjarlægður. Helgunarsvæði strengsins er víkjandi og fellur niður þegar strengurinn hefur verið fjarlægður.

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
51	Sigurður Hreinsson	Veiðar og eldi	Það er algerlega óásættanlegt að Landsnet vilji skerða verulega mikilvægasta veiðisvæði rækjúsjómana í Arnarfirði, án þess að leggja til minnstu rök fyrir leiðarvalinu, og vinna með því gegn Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.	<p>Eins og áður kemur fram hefur Landsnet komið því á framfæri við fulltrúa svæðisskipulagsnefndar að helgunarsvæði sæstrengs Landsnets yfir Arnarfjörð geti verið þrengra en skilgreint hefur verið í tillögu að strandsvæðisskipulaginu. Skerðing rækjuveiðisvæða þarf því ekki að vera eins umfangmikil og kemur fram í umsögn Sigurðar. Einnig er sæstrengur OV óvirkur og verður fjarlægður. Helgunarsvæði strengsins er víkjandi og fellur niður þegar strengurinn hefur verið fjarlægður. Þar með fellur skerðing rækjuveiða vegna hans falla niður.</p> <p>Lagning sæstrengsins fellur almennt vel að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, svo sem hvað varðar:</p> <p><i>Markmið nr. 7 um að tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.</i></p> <p><i>Markmið nr. 8 um að stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.</i></p> <p><i>Markmið nr. 9 um að byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.</i></p> <p><i>Markmið nr. 14 um að vernda og nýta hafid og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun.</i></p> <p><i>Markmið nr. 15 um að vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi.</i></p> <p>Ljóst er að lagning sæstrengs og/eða jarðstrengs falla misvel að markmiðum nr. 14 og 15. Leitast er við að velja þá leið sem fellur best að báðum markmiðunum og hefur sem minnst áhrif á þá þætti sem markmiðunum er ætlað að vernda.</p>
52	Landhelgisgæslan Guðríður Margrét Kristjánsdóttir	Veiðar og eldi	Í fyrsta lagi vill Landhelgisgæsla Íslands benda á að fyrirhuguð lega sæstrengsins virðist liggja alveg utan í fyrirhuguðu eldissvæði við Tjaldaneseyrar. Landhelgisgæslan hefur einmitt gert athugasemdir við það að leyfi til fiskeldis hafi verið gefin út á svæði þar sem samkvæmt sjókortum útgefnum af sjómælinga- og siglingaöryggissviði Landhelgisgæslunnar liggja virkir neðansjárstrengir sbr. nýlega umsögn Landhelgisgæslunnar til skipulagsstofnunar um breytingu á afmörkun eldissvæða í Arnarfirði við Hlaðsbót, Tjaldanes, Hringsdal og Kirkjuból í Arnarfirði. Þar var vakin athygli Skipulagsstofnunar á því að við Tjaldaneseyrar lægju virkir sæstrengir og því ekki stætt á því að botnfestingar eldiskvíá væru í námunda við þá.	<p>Væntanlega er hér átt við svæði SN13 - Hlaðsbót - Tjaldeyrarnes sem í tillögu að strandsvæðisskipulagi er skilgreint sem eldissvæði. Í svæðisskipulagstillögunni er sæstrengur Landsnets innan svæðis LV6, en það svæði tekur einnig til sæstrengs Orkubús Vestfjarða. Sæstrengur Orkubúsins liggur næst eldissvæðinu en strengur Landsnets liggur ekki að þessu svæði.</p> <p>Rétt er að benda á að sæstrengur OV er óvirkur og verður fjarlægður. Helgunarsvæði strengsins er víkjandi og fellur niður þegar strengurinn hefur verið fjarlægður. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um sæstrengi í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.</p>

Yfirlit yfir athugasemdir og ábendingar, flokkaðar eftir efni ásamt tillögum að viðbrögðum.

Liður	Athugasemd/ ábending frá	Efni/varðar	Athugasemd /ábending	Viðbrögð við athugasemdum/ábendingum
53	Rækjuleyfishafar í Arnarfirði Björn Magnús Magnússon	Veiðar og eldi	Það eru nú þegar 3 ljósleiðarar yfir fjörðinn og þetta er ekki bara lína á korti því það skapast sjálfkrafa ca 400m landhelgi hvoru megin við sæstrengi. Þjuggumst við því við því að það kæmi ekki annað til tals en að leggja nýjan rafstreng sem næst og í sömu stefnu og fyrirliggjandi ljósleiðarar. Því miður virðast öllum vera sama um þá sem notast við veiðisvæðin til atvinnu. Eins og hér sést er sú leið sem stendur til að leggja þennan nýja sæstreng liggur yfir ein gjöfulustu rækjumíð í Arnarfirði. Nú hafa menn lagað veiðar í kringum þá sæstrengi sem fyrir eru komnir en með þessari lagnaleið er verið að eyðileggja möguleikann á að nýta það svæði sem við gátum allavega nýtt. Léleg mynd til þess að sýna hvað er verið að minnka veiðisvæði vegan helgunarsvæðis strengsinn en skýringin vonandi skilar sér.	Í umsögninni er vísað til umfjöllunar um helgunarsvæða sæstrengja sem er viðfangsefni í Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða. Í aðalskipulagsbreytingunni er fjallað um helgunarsvæði strengja innan netlaga. Framkvæmdin er vissulega ein heild og samræmi skal vera milli aðliggjandi skipulaga. Gerð verður grein fyrir sæstrengnum í Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða. Eftir umsagnarferli tillögu að strandsvæðisskipulaginu hafa fulltrúar Skipulagsstofnunar f.h. svæðisskipulagsnefndar verið í sambandi við Landsnet og rætt helgunarsvæði sæstrengja (rafmagn). Ljóst er að helgunarsvæði rafstrengja er ekki skilgreint á sama hátt í lögum og fyrir fjarskiptastrengi, en viðmið um helgunarsvæði fjarskiptastrengja var forsenda afmörkunar lagnabelta í kynntri tillögu að strandsvæðaskipulagi. Landsnet hefur komið því á framfæri að helgunarsvæði sæstrengsins yfir Arnarfjörð geti verið þrengra en skilgreint hefur verið í tillögu að strandsvæðisskipulaginu og því þarf skerðing rækjuveiðisvæða ekki að vera eins umfangmikil og kemur fram í umsögninni. Landsnet gerir ráð fyrir að heildarbreidd helgunarsvæðisins á hafsvæðinu verði 400 m og er dönsk löggjöf fyrirmynd að þeirri afmörkun. Þessar upplýsingar verða til umfjöllunar þegar svæðisskipulagsnefndin tekur ákvörðun um endanlegt skipulag strandsvæðisins. Landsnet hefur væntingar um að sú stefna sem þar verður mörkuð geti skapað sátt um fjölbreytta nýtingu Arnarfjarðar til lengri tíma. Rétt er að benda á að sæstrengur OV er óvirkur og verður fjarlægður. Helgunarsvæði strengsins er vikjandi og fellur niður þegar strengurinn hefur verið fjarlægður. Að öðru leyti er vísað til umfjöllunar um sæstrengi í Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða.
54	Náttúrfræðistofnun Íslands Snorri Sigurðsson	Vernd	Náttúrfræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð og uppdrætti sem tilheyra aðalskipulagsbreytingunni og gerir ekki athugasemdir við breytinguna eða lagningu jarðstrengsins. Valkostur B, að hafa landtöku sæstrengs á Hrafnseyri er ákjósanlegri en landtaka í Auðkúlubót til að hlífa æðarvarpi og öðru fuglalífi við truflun en þar er einnig kríuvarp. Þá er valkostur B, við að leggja jarðstrenginn í veglínu ákjósanlegri en valkostur A, við að fylgja núverandi háspennustreng OV því sá fyrri hlífir sjávarfítjum við Gljúfurá sem hafa mjög hátt verndargildi. Jákvætt er að stefnt sé að því að þeir valkostir sem fela í sér minna rask á náttúru svæðisins verði fyrir valinu.	Kallar ekki á viðbrögð
55	Umhverfisstofnun Björn Stefánsson og Sverrir Aðalsteinn Jónsson	Vernd	Umhverfisstofnun telur að ef verklagi í greinargerðinni verður fylgt ætti framkvæmdin ekki að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.	Kallar ekki á viðbrögð
56	Veðurstofa Íslands Árni Snorrason	Engar athugasemdir	Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við vinnslutillögu þessa.	Kallar ekki á viðbrögð